

# Hvað með kynlífið?

„Hefurðu heyrt að Pétur sé samkynhneigður?“

<b>Málefni</b>	Heilbrigði, mismunun og útlendingahatur, jafnrétti kynjanna
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 4
<b>Hópstærð</b>	10+
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Í þessu verkefni er „fiskabúrs“-aðferðinni beitt til að kanna viðhorf til kynhneigðar, þar með talið ótta við samkynhneigð.
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu.</li> <li>• Rétturinn til frelsis og jafnrar meðferðar og að búa ekki við mismunun.</li> <li>• Tjáningar- og félagafrelsi.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að fjalla um málefni og réttindi sem tengjast kynhneigð, þar með talið samkynhneigð.</li> <li>• Að efla sjálfstraust til að geta tjáð eigin skoðanir á þessum málefnum.</li> <li>• Að stuðla að umburðarlyndi og samkennd.</li> </ul>
<b>Efniviður og aðstæður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrír stólar.</li> <li>• Tveir leiðbeinendur.</li> <li>• Nægilegt rými fyrir þátttakendur.</li> <li>• Tafla eða flettitafli og merkipennar.</li> <li>• Litlir bréfmíðar og pennar.</li> <li>• Hattur.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gættu þess að í ýmsum samfélögum er kynhneigð viðkvæmt mál og ef til vill þarf að laga efnið eða kennsluáferðina, eða hvorttveggja, að aðstæðum!</li> <li>• Nefndu nokkra einstaklinga, karla og konur, sem hafa ekki farið dult með kynhneigð sína, svo sem gagnkynhneigð og samkynhneigð, tvíkynhneigð og kynskiptahneigð.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Leggðu línurnar. Útskýrðu fyrir þátttakendum að þótt flestir líti á kynhneigð sem einkamál séu það grundvallarmannréttindi, sem lögbundin eru í flestum löndum Evrópu, að verða ekki fyrir mismunun vegna kynhneigðar. Þetta verkefni veitir tækifæri til að kanna viðhorf til kynhneigðar, einkum samkynhneigðar. Hitaðu síðan upp með því að biðja þátttakendur að nefna frægt fólk sem ekki fer/fór dult með kynhneigð sína.
2. Dreifðu bréfmíðunum og pennunum og segðu þeim að skrifa niður allt sem þá langar að vita um samkynhneigð, eða kynhneigð almennt, og setja síðan miðana í hattinn. Spurningarnar eiga að vera nafnlausar.
3. Gerðu þeim grein fyrir því að verkefnið gangi út á að kanna viðhorf til kynhneigðar,

### MÁLEFNI



### HEILBRIGÐI



### MISMUNUN



### JAFNRÉTTI KYNJANNA

### ÞYNGDARSTIG



### STIG 4

### HÓPSTÆRÐ



### 10+

### TÍMI



### 60 MÍNÚTUR

einkum samkynhneigðar. Öllum er frjálst að setja fram skoðanir sínar, hvort sem þær eru hefðbundnar eða óhefðbundnar, umdeilanlegar eða ögrandi í félagslegu samhengi. Þátttakendur geta látið í ljós viðhorf sem þeir eru sammála eða ósammála án þess að þurfa að óttast að verða að athlægi eða mæta fyrirlitningu.

4. Settu stólana í hálfhring fyrir framan hópinn. Þeir eru ætlaðir þeim þremur þátttakendum sem fara í „fiskabúrið“. Hinir eru áhorfendur.
5. Byrjaðu á að bjóða tveimur sjálfboðaliðum að koma í „búrið“ til þín og taka þátt í umræðum. Aðrir geta slegist í hópinn síðar en það er aðeins pláss fyrir þrjá fiska í búrinu í einu svo að einhverjir verða þá að víkja. Sá sem vill taka þátt í umræðunum stendur upp og klappar á öxl einhvers „í búrinu“. Þessir tveir skipta um sæti og sá sem var í búrinu verður nú áhorfandi.
6. Hvettu alla til að vera með og láta skoðanir sínar í ljós, eða aðrar skoðanir ef svo ber undir. Með þessu móti er hægt að viðra skoðanir sem eru umdeildar, stinga í stúf við „pólitískan rétttrúnað“ eða eru fráleitir, og ræða vandlega um efnið frá ýmsum sjónarmiðum.
7. Móðgandi eða særandi athugasemdir, sem beinast að einstaklingum innan hópsins, eru bannaðar.
8. Fáðu einhvern sjálfboðaliða til að draga spurningu upp úr hattinum og taktu hana til umræðu. Leyfðu umræðum að fara fram þar til búíð er að tæma efnið og fólk er farið að endurtaka sig.
9. Síðan skaltu fá þrjá sjálfboðaliða til að fjalla um aðra spurningu og hefja nýjar umræður samkvæmt sömu reglum og áður.
10. Fjallið um eins margar spurningar og tími og aðstæður leyfa. Áður en verkefninu lýkur með samantekt og mati skaltu gefa þátttakendum smáhlé til að komst upp úr „fiskabúrinu“! Það er einkum brýnt ef fólk hefur hitnað í hamsi.

## Samantekt og mat

Fyrst ætti að kanna hvernig þátttakendum fannst að vera bæði innan og utan „fiskabúrsins“. Síðan skal beina umræðunum að hinum ýmsu skoðunum sem fram komu og fjalla að lokum um það sem þátttakendur lærðu af þessu verkefni:

- Var einhver hneykslaður eða hissa á einhverjum sjónarmiðum? Hvaða? Hvers vegna?
- Hversu opinskátt er fólk hér almennt um kynhneigð?
- Eru einhverjir hópar hreinskilnari en aðrir? Hvers vegna?
- Hvaða öfl eru það sem móta kynhneigð okkar?
- Hvert sækir fólk gildi sín þar að lútandi?
- Hafa þátttakendur önnur viðhorf til kynhneigðar en foreldrar þeirra og afar og ömmur? Ef svo er, að hvaða leyti eru þau öðruvísi? Hvers vegna?
- Í sumum löndum virðist sem lagasetning og félagslegur þrýstingur stangist á við rétt einstaklingsins til að njóta virðingar, til að verða ástfanginn eða stofna til hjúskapar með þeim sem maður vill o.s.frv. Hvernig er hægt að leysa slíkan ágreining?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Nauðsynlegt er að átta sig á félagslegum aðstæðum þátttakenda og laga verkefnið að þeim. Markmið verkefnisins er að gefa þátttakendum tækifæri til að íhuga eigin kynhneigð og ríkjandi

venjur í samfélaginu og efla sjálfstraust þeirra þannig að þeir geti tjáð eigin skoðanir og sýnt fólki með önnur sjónarmið umburðarlyndi. Það er ekki markmiðið að sannfæra fólk um að eitt sjónarmið sé réttara en annað eða komast að samhljóða álitum.

Ráðlegt er að undirbúa sig vel og lesa ítarefnið um málefni kynjanna og mismunun og útlendingahatur áður en hafist er handa við verkefnið. Velta þarf fyrir sér hvaða málefni kann að bera á góma. Oft er spurt um eftirfarandi atriði:

- Hvað er samkynhneigð?
- Hver er munurinn á gagnkynhneigðu fólki, hommum, lesbíum, tvíkynhneigðu fólki og kynskiptingum (transgender-fólks)?
- Er samkynhneigð sjúkdómur?
- Hvernig verður fólk hommar og lesbíur?
- Hvað með hættuna á alnæmi?
- Í sumum löndum er samkynhneigð viðurkennd og samkynhneigt fólk getur gengið í hjónaband, en annars staðar varðar samkynhneigð dauðarefsingu.
- Hvernig stunda samkynhneigðir kynlíf?

Einnig er mikilvægt fyrir leiðbeinanda að velja fyrir sér eigin gildum og skoðunum á því sem honum finnst rétt varðandi sjálfan sig, fjölskyldu sína og aðra, og hafa hugfast að þau gildi endurspeglast í öllu sem hann segir og gerir – og líka í því sem hann segir ekki eða gerir. Það er afar brýnt að hann geri sér grein fyrir eigin fordómum og lífsgildum og uppruna þeirra til að þátttakendur geti einnig áttað sig á uppruna eigin gilda.

Markmiðið með því að nefna til sögunnar frægt fólk sem hefur verið opinskátt um kynhneigð sína er að hvetja þátttakendur til hreinskilni í umræðunni um kynhneigð. Þannig gefst einnig tækifæri til að útskýra hugtök eins og hommar, lesbíur, samkynhneigð, gagnkynhneigð, tvíkynhneigð og kynskiptahneigð. (Sjá ítarefni á bls. 339.)

Miklu máli skiptir hvernig leiðbeinandinn hefur umræðuna. Góð hugmynd er að tveir leiðbeinendur taki í fyrstu sæti „í búrinu“. Annar þeirra gæti til dæmi byrjað á því að spyrja: „Veistu að Pétur er „kominn út úr skápnum“?“ Hinn gæti svarað: „Nei, það hefði mér aldrei dottið í hug, hann lítur ekki út fyrir að vera hommi.“ Þannig er gefið í skyn að verið sé að spjalla um sameiginlegan kunningja og ekki sé um neina fræðilega úttekt að ræða. Þá er líka auðveldara að fá þátttakendur til að taka þátt í umræðu um hvað þeir viti um samkynhneigð og hver viðhorf þeirra séu.

Vonandi tækju svo einhverjir þátttakendur sæti leiðbeinendanna sem fyrst og héldu umræðunni áfram. Leiðbeinendur skulu þó vera í áheyrendahópnum og vera tilbúnir til að fara aftur í „búrið“. Þannig geta þeir haft áhrif á umræðuna svo að líti beri á, annaðhvort til að beina henni á nýja braut eða til að láta þátttakanda, sem ekki fer að settum reglum, víkja úr sæti.

Einnig er hægt að hafa þá reglu að aðeins megi taka tiltekið sjónarmið fyrir einu sinni. Þannig er komið í veg fyrir að umræðurnar verði einhæfar og að algengir fordómar séu margendurteknir.

## Tilbrigði

Önnur mál sem hægt er að fjalla um:

- Kynferðislegur lögdur (til að stofna til hjúskapar eða stunda kynlíf): ættu aðrar reglur að gilda um samkynhneigða?
- Ættleiðing og hjónaband: ættu samkynhneigð pör að geta gengið í hjónaband? Og ættleitt börn? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?
- Alnæmi: er það rétt að smithætta meðal samkynhneigðra sé meiri en annarra?

## Tillögur um framhald

Ef þátttakendur hafa áhuga á að kanna aðra þætti mismununar, svo sem rétt kynskiptinga (transgender-fólks) til að keppa í íþróttum, er bent á verkefnið „Augnablik!“ á bls. 84.

## Aðgerðir

Hafa má samband við Samtökin '78, samtök samkynhneigðra; ein leiðin til aðgerða er að kynna sér starfsemi þeirra. Tilvalið er að bjóða fulltrúa frá þeim að ávarpa hópinn og fá þannig innsýn í þau réttindamál sem eru mest knýjandi.

## Nánari upplýsingar

„Kynhneigð fólks“ er órjúfanlegur hluti af lífi þess. Kynhneigðin hefur áhrif á persónuleika fólks og atferli – félagslegt, persónulegt, tilfinningalegt, sálrænt – og kemur fram í samskiptum þess við aðra. Kynhneigðin mótast af kynferði og kynferðislegum eiginleikum og fjölda annarra flókinna atriða og er breytingum háð alla ævi.“

ASPA-upplýsingatækniverkefni, [www.aspa.asn.au](http://www.aspa.asn.au)

## Kynferðisleg fjölbreytni og mannréttindi

Við fyrstu sýn virðast ekki vera nein tengsl milli þessara málaflokka. Segja má að annar þeirra tengist vali einstaklingsins, en hinn lagalegum og pólitískum atriðum á opinberu sviði og snúist um borgaravitund. Nýlegar rannsóknir í sagnfræði, mannfræði og félagsfræði sýna þó hvernig samfélögum hefur staðið ógn af kynhneigð og tjáningarmáta kynferðislegra fýsna, allt frá upphafi vega og innan allra menningarheima. Sums staðar ögrar samkynhneigð, eða óljósar fýsnir, hefðbundnum eða trúarlegum hugmyndum, annars staðar kann að vera litið á slíkt sem sálrænan sjúkdóm.

Eitthvert ríkjandi afl virðist stöðugt stýra því að réttindum sé misskipt þegar kynferðisleg fjölbreytni og mannréttindi eru annars vegar. Þetta afl er sú viðtekna hugmynd að gagnkynhneigð sé „náttúruleg tilhögun“ og þar með hin „eðlilega“ kynhneigð. Kjarni málsins í þessari umræðu er ávallt sú hugmynd að gagnkynhneigð sé „náttúruleg“ og þess vegna siðferðilega ásættanleg en annars konar kynhneigð sé aftur á móti „ónáttúruleg“ og því ekki ásættanleg frá siðferðilegu sjónarmiði.

Alþjóða mannréttindanefnd lesbía og homma, [www.iglhrc.org](http://www.iglhrc.org), endursagt.

## Lykildagsetning

### 17. maí

Alþjóðadagur gegn kynhneigðarhroka